

030/00 - M.b. Birta Dís VE-35

Birta Dís VE-35 sekkur í róðri vestur af Rit; mannbjörg

M.b. Birta Dís VE-35

Skipaskr.nr.: 2308

Smíðaður: í Hafnarfirði 1999 úr trefjaplasti

Stærð: 7,00 brl; 5,84 bt

Lengd: 946,00 m **Breidd:** 2,95 m **Dýpt:** 1,14 m

Vél: Cummins 187,00 kW **Ágerð:** 1999

Annað:

Földi skipverja: 2

Atvikalýsing

Hinn 3. mars fór m.b. Birta Dís VE-35 úr höfn á Suðureyri til veiða með línu. Veður: hæg breytileg átt, sjólitið.

Bátnum var siglt á mið, svonefndan Poll, 15-16 sml vestur af Rit og línan lögð. Þegar langt var komið að draga línum aftur, en róið var með 24 bala, hallaðist báturinn skyndilega til bakborða. Skipstjóri reyndi að sigla bátinn upp en vélin kæfði fljótlega á sér. Var hugað að í vélarrúmi og kom þá í ljós að umtalsverður sjór var þar. Skipstjórinn kallaði í talstöð kl. 20:11 eftir aðstoð og gaf upp stað $66^{\circ}23'56''\text{N}$ og $24^{\circ}02'26''\text{V}$.

Skipverjar sjósettu gummíbjörgunarbát og bundu hann við síðuna. Hentu þeir út dálitlu af fiski af þilfari og skutu upp neyðarblysi. Skipbrotsmönnum var bjargað um borð í m.b. Hrönn ÍS-303 rúmri klukkustund eftir að neyðarkall var sent út.

Björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson reyndi að draga bátinn að landi en dráttartaug slitnaði og var þeim tilraunum hætt rúmlega hálfþrjú um nóttina og sökk báturinn.

Við rannsókn kom fram

- að um borð voru að sögn skipstjóra:
 1. 24 balar af línu og tilheyrandi búnaður ca 700 kg
 2. 11 380 lítra kör undir fisk, 10 í lest og 1 á þilfari ca 330 kg
 3. 500 lítrar af olíu ca 425 kg
 4. 10-20 lítrar af ferskvatni
 5. 5000-6000 kg af fiski
 6. Tveir menn ca. 200 kg
 7. Línuspil og tilheyrandi búnaður, línurennar ca. 150 kg
 8. Annar búnaður ca 50 kg

Þungi samtals a.m.k. 6870 kg

- að samkvæmt stöðugleikagögnum, sem fyrir hendi eru fyrir bátinn, var gert ráð fyrir hámarksþunga í bátnum 4920 kg;
- að austurdælur bátsins voru tengdar flotrofum. Ekki er ljóst hvort dælur hafi verið í gangi áður en báturinn tók að hallast;
- að samkvæmt kröfu Siglingastofnunar átti að vera sérstakur viðvörunarbúnaður í bátnum er gaf til kynna ef vökvi safnaðist fyrir í honum.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök skiptapans sé ofhleðsla.

